




RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Jafnréttismál lögreglunnar október 2018-október 2019

I

Kynjahlutföll meðal lögreglumanna 1. febrúar 2019


Þann 1. febrúar 2019 voru starfandi 682 lögreglumenn á landinu. Af þeim voru 544 menntaðir lögreglumenn. Afleysingamenn, starfandi nemar í starfsnámi við mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu og héraðslögreglumenn eru því talsvert margir. Hlutfall kvenna meðal menntaðra lögreglumanna var 19%, sjá mynd eitt hér að neðan.



Mynd 1. Hlutfall karla og kvenna. Kynjahlutföll meðal menntaðra lögreglumanna árin 2011-2019. Staðan miðað við 1. febrúar ár hvert.


Eins og sjá má á mynd eitt þá hefur hlutfall kvenna aukist um sjö prósentustig ef borin eru saman árin 2011 og 2019. Ef borin eru saman sl. tvö ár er aukningin þrjú prósentustig milli 2018 og 2019. Til að sjá betur heildarmyndina er nauðsynlegt að rýna í hlutföllin eftir starfsstigum, sjá mynd tvö hér að neðan.

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI



Mynd 2. Hlutfall kvenna og karla eftir starfsstigum meðal menntaðra lögreglumanna 1. febrúar 2019.

Eins og sjá má á mynd tvö er hlutfall kvenna meðal menntaðra lögreglumanna almennt lægra eftir því sem ofar dregur í starfsstigi. Engin kona gegndi stöðu yfirlögregluþjóns á þessum tíma en í apríl 2019 var fyrsti kvenkyns yfirlögregluþjónninn á Íslandi skipaður við embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum. Fjórar konur gegndu stöðu aðstoðaryfirlögregluþjóns miðað við stöðuna 1. febrúar 2019. Hlutfall kvenna er áberandi hæst í starfsstiginu lögreglumaður en er samt sem áður undir 30% í því starfsstigi.



Mynd 3. Kynjahlutföll meðal menntaðra lögreglumanna eftir embættum, miðað við stöðuna 1. febrúar 2019.

Mynd þrjú hér að ofan sýnir kynjahlutföll meðal menntaðra lögreglumanna.¹ Eins og sjá má á mynd þrjú er hvorki menntaður kvenkyns lögreglumaður starfandi við embætti lögreglustjórans í Vestmannaeyjum né við embætti lögreglustjórans á Norðurlandi vestra. Tekið er fram að fjöldi lögreglumanna hjá báðum embættum er lágur en það þýðir að hver starfsmaður vigtar hátt í


¹ Í þessum tölum eru því ekki starfandi afleysingamenn, starfandi nemar í starfsnámi við mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu eða héraðslögreglumenn.

hlutföllunum. Hlutfall kvenkyns lögreglumanna er hæst hjá héraðssaksóknara og þar á eftir kemur embætti lögreglustjórans á Suðurlandi. Hlutfall kvenkyns menntaðra lögreglumanna hjá einstaka embættum nær þó hvergi yfir 35%.

II

Kynjahlutföll meðal annarra (borgaralegra) starfsmanna

Árlega sendir jafnréttisfulltrúi lögreglunnar út gagnaoöflunarskjal þar sem óskað er upplýsinga frá embættum um kynjahlutföll meðal starfsmanna.² Þar sem þessar tölur liggja fyrir varðandi lögreglumenn, miðað við stöðuna 1. febrúar 2019, er hér fyrir neðan yfirlit yfir kynjahlutföll meðal annarra starfsmanna (borgaralegra starfsmanna).³ Þessum upplýsingum er sérstaklega safnað í gegnum excel gagnasöfnunarskjal sem fyllt er út af jafnréttisfulltrúum einstakra embætta.



Mynd 4. Kynjahlutföll meðal annarra starfsmanna í lok árs 2018. Upplýsingar frá embættum í gegnum gagnasöfnunarskjal.

Eins og sjá má á mynd fjögur er þó nokkuð herra hlutfall kvenna meðal annarra starfsmanna lögreglu (borgaralegra starfsmanna) miðað við hlutfall kvenna meðal menntaðra lögreglumanna, sbr. mynd þrjú. Taka ber fram að kynskipting starfa er til staðar meðal borgaralegra starfsmanna. Einnig ber að taka fram að hjá sumum embættum eru mjög fáir starfsmenn (undir 20 talsins) og þá vegur hver einstaklingur mun meira í hlutföllunum en hjá stærri embættum þar sem eru mun fleiri starfsmenn.

² Embættin ellefu eru öll svæðisbundnu embættin nú ásamt embætti héraðssaksóknara og embætti ríkislögreglustjóra.

³ Upplýsingar bárust frá sjö embættum af ellefu.

III

Yfirstjórn embætta og lögreglustjórar

Tafla 1: Taflan sýnir kynjahlutföll í yfirstjórn einstakra embætta.⁴

Yfirstjórn	kvk	kk
ríkislögreglustjóri	25%	75%
lögreglustjórinn á Austurlandi	67%	33%
lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	40%	60%
lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra	20%	80%
lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum	50%	50%
héraðssaksóknari	50%	50%

Tafla 2: Taflan sýnir kynjahlutföll meðal lögreglustjóra.

Lögreglustjórar	kvk	kk
Svæðisbundnu lögregluembættin	44%	56%
Svæðisbundnu lögregluembættin, ríkislögreglustjóri og héraðssaksóknari	36%	64%

IV

Jafnréttis- og framkvæmdaáætlun lögreglu fyrir árin 2019-2022

Í lok árs 2018 var gefin út jafnréttis- og framkvæmdaáætlun lögreglu fyrir árin 2019-2022 og tók áætlunin gildi 1. janúar sl. Í þeirri áætlun koma fram hin ýmsu markmið sem lögregluembættum ber að fylgja og setja sér í jafnréttismálum og vinna markvisst að. Eitt af stóru markmiðunum fyrir 2019 er að embætti öðlist jafnlaunavottun, þ.e. þau embætti sem eru með fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli, sbr. 4. mgr. 19. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Mörg embætti setja sér sína eigin framkvæmdaáætlun, yfir sama eða skemmri tíma, sem byggir á þeim markmiðum sem koma fram í jafnréttis- og framkvæmdaáætlun lögreglu 2019-2022.

Fundir - Kynningar

Þann 6. desember 2018 var haldinn árlegur fundur jafnréttisnefndar lögreglu og jafnréttisfulltrúa lögregluembættanna. Á fundinum hélt Kristín Hjálmarsdóttir, sjálfstætt starfandi kynjafræðingur og jafnréttisráðgjafi, kynningu á verkefni „Áskoranir og hindranir í jafnréttisstarfi hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu“ en skýrslur rannsóknarinnar voru birtar í febrúar 2018. Fulltrúar úr fagráði ríkislögreglustjóra voru einnig með kynningu á fundinum, þau Þóra Sigfríður Einarsdóttir og Jón Friðrik Sigurðsson. Niðurstaða fundarins var meðal annars að vekja þurfi reglulega athygli á fagráðinu innan embættanna og láta alla nýja starfsmenn vita af tilvist þess. Jafnréttisnefnd fundaði í apríl 2019.

Í janúar 2019 var jafnréttisfulltrúi lögreglu með árlega kynningu á jafnréttismálum lögreglu fyrir nema sem hófu starfsnám hjá mennta- og starfsþróunarsetri lögreglu. Í maí var jafnréttisfulltrúi lögreglu með kynningu á jafnréttismálum lögreglunnar fyrir jafnréttisskóla Sameinuðu þjóðanna í húsakynnum Háskóla Íslands.

⁴ Byggt á upplýsingum frá embættum. Ekki bárust upplýsingar um yfirstjórn frá öllum embættum.

Fagráð ríkislögreglustjóra

Fagráð ríkislögreglustjóra er ráð óháðra fagaðila sem tekur á móti fyrirspurnum og tilkynningum þolenda og öðru starfsfólki lögreglu um mál er varða beina og óbeina mismunun, kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni, kynbundið ofbeldi og einelti innan lögreglunnar. Allt starfsfólk lögreglu á rétt á að fá aðstoð og leiðsögn hjá fagráðinu. Fagráðið aðstoðar við að meta aðstæður og ákveða frekari aðgerðir, en á því stigi gætir ráðið trúnaðar gagnvart tilkynnanda.

Á árinu 2018 barst fagráðinu einungis eitt erindi sem var fyrirspurn frá embætti. Á tímabilinu janúar 2019 til október 2019 bárust fagráðinu fjögur mál, allt eineltismál. Samtals átta tilkynnendur, fimm karlar og þrjár konur. Í einu málinu var fleiri en einn tilkynnandi.

Í maí 2019 var send tilkynning á alla starfsmenn lögreglu þess efnis að fagráð ríkislögreglustjóra væri komið með nýtt netfang: fagrad@fagradlogreglu.is. Auk þess tilkynnti fagráðið um vefsíðuna: fagradlogreglu.is. Á vefsíðunni má nálgast allar upplýsingar um fagráðið og hvernig unnt er að hafa samband með fyrirspurnir og tilkynningar.

Gefið út á vefsvæðinu logreglan.is 15. október 2019
Uppfært 5. nóvember 2019

Jafnréttisfulltrúar embætta 2018-2021

Lögreglustjórinn á Austurlandi

Sigfríð Margrét Bjarnadóttir

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra

Kristján Kristjánsson

Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra

Sigurður Hólmar Kristjánsson

Lögreglustjórinn á Suðurlandi

Elín Jóhannsdóttir

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

Ottó Þórðarson

Lögreglustjórinn á Vestfjörðum

Ingibjörg Elín Magnúsdóttir

Lögreglustjórinn á Vesturlandi

Harpa Lind Guðmundsdóttir

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Ingibjörg Ýr Jóhannsdóttir

Ríkislögreglustjóri

Kristbjörg Fjóra Hrólfsdóttir

Héraðssaksóknari

Hlín Þórhallsdóttir

Vestmannaeyjar

Hlynur Bjarklind Sigmundsson

Jafnréttisnefnd lögreglunnar 2018-2021

Aðalmenn

Úlfar Lúðvíksson	Lögreglustjórafélagið
Berglind Eyjólfsdóttir	Landssamband lögreglumanna
Vilhjálmur Reyrr Þórhallsson	Bandalag háskólamanna
Ásgerður Þóra Ásgeirsdóttir	Stéttarfélag í almannajónustu
Kristbjörg Fjóra Hrólfsdóttir	Ríkislögreglustjóri

Varamenn

Súsanna Björg Fróðadóttir	Bandalag háskólamanna
Kjartan Már Niemenen	Stéttarfélag í almannajónustu
Páley Borgþórsdóttir	Lögreglustjórafélagið